



Fundargerð

20. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
Föstudaginn 12. Júní 2015 kl. 20:00 í salur A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skaffi Steinólfsson. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Fundur rétt boðaður. Samþykkt af stjórn.
2. Samþykkt fundargerða: Fundargerðir 16-18 áður samþykktar í tölvupóstum til birtingar, lagðar fram og samþykktar. Samþykkt að fundargerð nr. 19 verði samþykkt til birtingar í tölvupóstum.
3. Tillögur um þátttökumöguleika íþróttamanna á mótum erlendis, án þess að þeir hafi náð árangursviðmiði fyrir sjálfkrafa þátttökurétti: Formaður lagði formlega fram fyrri tillögur um kostnaðarþátttöku íþróttamanns/félags í keppni erlendis ef um er að ræða íþróttamann sem hefur ekki náð árangursviðmiði fyrir sjálfkrafa þátttökurétti. Um er að ræða tillögur sem ræddar höfðu verið meðal aðalstjórnarmanna, í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu sambandsins og kynntar voru á heimasíðu FRÍ með fyrirvar um formlegt samþykki á stjórnarfundi. Tillögunni er ætlað að skapa tækifæri fyrir fleiri íþróttamenn til að öðlast keppnisreynslu á mótum erlendis. Til máls tóku FRÞ, SSS, JHS, JE og EV. Tillögur formanns samþykkt.
4. Landsliðsmál-keppendur-þjálfarar-aðrir: Farið var yfir áætlun um mótin. Formanni falið að hafa samráð við unglinganefnd um viðmið fyrir þátttökurétti á NM U20 í ljósi fjárgagstöðu sambandsins. Framkvæmdastjóra falið að senda stjórnarmönnum staðfestingu á því hver mörgum sé boðið til Mannheim og hver kostnaður FRÍ muni verða. Framkvæmdastjóra falið að gera kostnaðaráætlun fyrir hvert mót og senda upplýsingar til stjórnarmanna.
5. Mál lögð fram til umræðu:
 - 5.1 Smáþjóðaleikar: Skýrsla er væntanleg frá nefnd um Smáþjóðaleika sem tókust einkar vel. Lagt var fram þakkarbréf frá ÍSÍ. Fram kom að ÍSÍ mun innheimta kr 30.000 fyrir hvern keppanda FRÍ. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir upplýsingum frá ÍSÍ um málið.
 - 5.2 Dómarar í sumar, endurbættur listi: Farið yfir dómaramál á ýmsum viðburðum og mótum þar sem keppt er um Íslandsmeistaratiðil.
 - 5.3 Félagaskipti. Framkvæmdastjóri lagði fram lista um félagaskipti sem gengi hafa eftir (sjá fylgiskjal)
 - 5.4 Afreksíþróttamiðstöð Íslands: Gögn lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóri og Haukur munu sitja fundi um afreksíþróttamiðstöðina.
6. Fjáröflunarstarf FRÍ : EV skýrir frá samingi við Svefn og Heilsu, vörumerki á búninga o.f.l. Farið var yfir fjáröflunarverkefni þar sem okkar íþróttamenn koma fram. Samningsdrög liggja fyrir við Valitor vegna búninganúmera. Stjórn fagnar þessum verkefnum og stuðningsaðilum.



Frjálsíþróttasamband Íslands

7. Mótariðin 2015-staða mála: Mótariðin er farin vel af stað. Framkvæmdastjóra falið að afla vinninga fyrir lok mótariðar og gera mótariðinni skil á heimasíðu FRÍ . Til máls tóku SSS, EV, JHS, JE.

8. Bréf til stjórnar: Lagt var fram bréf frá Mótanefnd varðandi frestun á Mí Öldunga sem og val á Stjörnuhlaupinu í Garðabæ sem Mí í 10 km götuhlaupi (Fríðu Rún Þórðardóttur og Ólafi Guðmundssyni). FRÞ skýrði frá. Lagt var fram bréf frá Ármanni (Frey Ólafssyni) varðandi val á götuhlaupum þar sem keppt er um Íslandsmeistaratitil - 5 km, 10 km, hálf- og heilt maraþon. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa svar við erindindunum.

9. Sumarfrí framkvæmdastjóra: Framkvæmdastjóri hefur lagt fram yfirlit yfir ótekið orlof frá árunum 2010-2013 sem ekki kemur fram í ársreikningum fyrir þau ár. Umræður um starfsmannamál og afleysingar. Til máls tóku EV, JE, SSS, JHS og FRÞ. Þessum lið var frestað og fjárhagsnefnd falið að koma með tillögu til stjórnar um orlofskröfu framkvæmdastjóra.
 - 9.1. Staðan á endurnýjun ráðningarsamnings framkvæmdastjóra: Formaður fer yfir viðræður við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri vikur af fundi að eigin ósk vegna umræðunnar. Þessum lið frestað.
 - 9.2. Formaður skýrir frá starfskrafti, Hauki Þór Haraldssyni sem hefur boðist til að starfa á skrifstofu FRÍ í sjálfboðastarfi um tíma með möguleika á framlengingu og þá sem starfsmaður FRÍ. Stjórn fagnar því að fá góðan starfskraft er nýttist hreyfingunni vel. Samþykkt af stjórn að bjóða Hauk velkominn til starfa á skrifstofu FRÍ sem sjálfboðaliða.

10. Samningar eða samningsdrög við samstarfsaðila: Sjá lið nr 6.

11. Fjármál og greiðslur vegna mótahalds og annarra skuldbindinga FRÍ: Frestað til næsta fundar.

12. Unglinganefnd: Tilnefningar til unglínganefndar samþykktar af stjórn. Lóa Björk verður tengiliður við stjórn. Stjórn fagnar góðri nefnd. Nefndina skip; Fríða Rún Þórðardóttir, Súsanna Helgadóttir, Haraldur Úlfarsson, Þór Daníel Hólm Friðbjörnsson, Guðmundur Smári Daníelsson.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:30.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.